

Stjórnarfundur FKA #4

Starfsár: 2023-2024

Staður: Borgartún 35

Dagsetning: 05.10.2023

Tími: 12:00 – 13:30

Mættar: Andrea Ýr Jónsdóttir (ÁYJ), Dóra Eyland (DE), Guðlaug Hrönn Jóhannsdóttir (GHJ), Guðrún Gunnarsdóttir (GG), Grace Achieng (GA), Helga Björg Steinþórsdóttir (HBS), Inga Salóme Sigurðardóttir (ISS) ásamt framkvæmdarstjóra FKA, Andreu Róberts (AR).

Forföll boðuðu: Bergrún Lilja Sigurjónsdóttir (BLS), Erla Björg Eyjólfsdóttir (EBE), Unnur Elva Arnardóttir (UEA)

Dagskrá fundar:

12:00-12:10	1	Opnun – einn stuttur hringur Farið hringinn og stjórnarkonur fara yfir sín verkefni.
12:10 – 12:15	2	Skýrsla framkvæmdastjóra – fjárhagur, nefndir, landsbyggð, Vikan og viðburðir (AR) Innheimta gengur betur en venjulega. Samningur við Mundakot ræddur og staða heimasíðu. Aðalfundur FKA Suðurlands fékk góða umfjöllun. AR búin að funda með stjórnnum landsbyggðadeilda á Vesturlandi og Suðurlandi. Vegna umræðna á síðasta fundi um félagsgjöld FKA kvenna sem eru undir 30 ára tók AR saman að þær eru einungis 19 og tæplega 300 undir 40 ára. Margar búnar að bjóða sig fram í afmælisnefnd og verða UEA og EBE þar fyrir hönd stjórnar.
12:15-12:55	3	Framtíð erindi, fundir og niðurstaða (UEA og GG) UEA og GG funduðu með FKA Framtíð. Rætt var um málin. Tillaga um að styrkja FKA Framtíð um 1,5 milljón (ofan á styrk fyrir mentorverkefni) var samþykkt.

12:35-12:40	4	Jafnvægisvogin /Til upplýsinga staðan og todo (DE) DE fer yfir stöðu en ráðstefnan er eftir slétta viku, 12. október. Áætlaður fundur næsta þriðjudag með Bryndísi Reynisdóttur. Óskað eftir aðstoð stjórnarkvenna við undirbúning og viðveru á ráðstefnunni þar sem margar buðu fram krafta sína. 16. október verður svo gróðusetning fyrir viðurkenningarhafa í Jafnréttislundi í Heiðmörk.
12:40-12:45	5	Auglýsa sýnileikadagsnefnd í lok október staðan á SÝN (AR/BI) Ekki búið að funda með SÝN.
12:45-12:50	6	Kvennaverkfall (AÝ) EB skrifaði yfirlýsingu sem UEA sendi áfram á BHM. AR sendir afrit á stjórn.
12:50-13:55	7	Rekstraráætlun (undirbúningur) / Til upplýsinga (AR) Allt gengur samkvæmt áætlun.
12:55-13:00	8	Viðurkenningarhátíð – sérblað, streymið og ofl. í samningsdrögum (AR) AR hitti MBL í gær og gekk vel. Búin að funda með Hótel Reykjavík Grand um að halda Viðurkenningarhátíðina eins og í fyrra og voru þau áhugasöm. Þurfum að fá formlega staðfestingu á staðsetningu áður en áfram er haldið með skipulagningu. Fyrir næsta stjórnarfund verður sent á fyrri dómnefndir.
13:00-13:15	9	Samskiptastefnan og ritstjórnarstefna (EB) EB fjarverandi en hún bað síðast um nöfn nallra formanna deilda/nefnda.
13:15-13:20	10	Dómnefnd FKA hátíðar / Til umræðu (AR / AÝ) Stjórnarkonur beðnar um að leggja höfuðið í bleyti og finna hugmyndir að nýrri dómnefnd og minnt á mikilvægi þess að hafa hana fjölbreytta. Þurfa að komast á hátíðina sjálfa. Fundir dómnefndar verða gegnum TEAMS. Einnig eru stjórnarkonur hvattar til að byrja að hugsa um tilnefningar.
13:20-13:25	11	25 ára FKA 2024 staða á nefnd (UEA) UEA fjarverandi. Ekki náðist að klára skipun í afmælisnefnd.

13:25-13:30	12	Önnur mál a) Viðburðir framundan s.s. regla um jól og opnun þvert á félagið á höfuðborgarsvæðinu? Jólaröltið verður leitt af viðskiptanefnd og haldið 16. nóvember á Selfossi. Jólamarkaður New Icelanders verður haldinn á Granda en ekki sama dag. Jólápútt hjá Golfnefnd verður haldið 29. nóv á púttvelli korpu. Rætt um mikilvægi þess að hafa bara eina opunarhátíð en ekki marga. b) Platínu hópur Vikan kemur út 18. október þar sem fjallað verður um þær.ISS fylgir Platínu hópnum eftir en þær eru mjög kátar og hugmyndaríkar. Bára biður 20 félagskonum heim 28. október. c) Hópeflið Hópefli stjórnar heppnaðist einstaklega vel og voru allar viðstaddar ánægðar.
-------------	----	--

Fundi slitið klukkan 13:32

Fundargerð ritaði Andrea Ýr Jónsdóttir